

Fundur í íþróttá- og tómstundanevnd Langanesbyggðar haldinn í Veri 10. desember 2009 kl. 16:00.

1. Umfjöllun um uppsetningu klifurbrautar í Sportveri á vegum UMFL.

ÍTN lýsir ángæju sinni yfir frumkvæði UMFL með uppsetningu klifurveggs í Veri. Við teljum uppsetningu hans ekki spilla annarri starfsemi að neinu leyti. Góð viðbót við aðrar íþróttagreinar. Þetta nýtist líka öðrum félögum t.a.m. björgunarsveit, slökkviliði og bjargsigsmönnum auk leik- og grunnskólanemum.

Við leggjum til að veggurinn verði ekki tekinn í notkun fyrr en öll öryggisatriði eru uppfyllt. ÍTN minnir á að íþróttaiðkendur eru á eigin ábyrgð gagnvart slysum í íþróttahúsi. Eyðri falið að setja upp reglur og ábendingar þess efnis.

2. Svartholið: unglingastarfið- hvað er framundan, hljóðfæri og rekstur

Halldóra fór yfir starf haustsins. Hefur yfirleitt gengið vel. Hópur fór á Stílinn (hönnunarsamkeppni) og annar hópur á Stulla, stuttmyndahátíðina á Akureyri.

Agamál voru rædd og óæskilegar upptakomur í Akureyrarferð. Finna þarf viðeigandi lausnir þegar upp koma vandamál. Rætt betur á næsta fundi.

3. Dansnámskeið

Anna Breiðfjörð gefur kost á sér með námskeið 23. – 29. janúar. Námskeið fyrir fullorðna og skólana.

4. Önnur mál

a) ÍTN lýsir ángæju sinni með aukið framboð á íþróttá- og tómstundanámskeið á vegum Þekkingarseturs Þingeyinga.

b) ÍTN ferð þess á leit við RARIK að setja upp lýsingu við spennistöð við Strandarveg til að hægt sé að njóta þess að renna sér á þotu í brekkunni þegar dimma fer.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:20.

Sóley Vífilsdóttir ritaði fundargerð

Linda Pehrsson

Ragnar Már Sigfússon

Heiðrún Óladóttir

Halldóra Gunnarsdóttir